



29. fundur stjórnar LH 2022-2024
2. október 2024 kl. 20:00
fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Guðni Halldórsson, Sóley Margeirsdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Edda Rún Ragnarsdóttir, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir.

Mætt úr varastjórn: Birna Tryggvadóttir, Sveinn Heiðar Jóhannesson, Gróa Björg Baldvinsdóttir, Randi Holaker.

Forföll boðuðu: Ólafur Gunnarsson

Fjarverandi: Hákon Hákonarson

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

1. Samþykkt fundargerðar

2. Tillögur valnefndar að vali á knöpum ársins

Valnefnd lagði fram lista yfir fimm tilnefnda knapa í flokkum íþróttaknapa, gæðingaknapa, skeiðknapa og sex í flokki efnilegsta knapans. Einnig lagt til að sérstök verðlaun verði veitt í ungmennaflokki til aðila sem áður hefur hlotið nafnbótina efnilegasti knapinn en þann flokk er aðeins hægt að vinna einu sinni.

Afgreiðsla: Samþykkt.

3. Heiðursverðlaun LH á uppskeruhátíð

Formaður leggur fram tillögu að veitingu heiðursverðlauna LH á Uppskeruhátíð.

Afgreiðsla: Samþykkt.

4. Umsókn um Íslandsmót fullorðinna og ungmenna 2025

Íslandsmót fullorðinna og ungmenna, Íslandsmót barna og unglunga og Áhugamannamót Íslands voru auglýst til umsóknar og var umsóknarfrestur 1. október eins og reglur gera ráð fyrir. Ein umsókn barst um Íslandsmót fullorðinna og ungmenna, frá Hestamannafélaginu Sleipni.

Afgreiðsla: Samþykkt að úthluta Íslandsmóti fullorðinna og ungmenna til Hestamannafélagsins Sleipnis.

5. Úrsögn úr úrskurðar og aganefnd LH.

Ólafur Haraldsson formaður úrskurðar- og aganefndar LH hefur sagt sig úr nefndinni.

Afgreiðsla: Til bókunar. Ólafi þakkað fyrir góð störf.

6. Önnur mál

Formaður, varaformaður og starfsmaður mótamála fara á fund norrænna formanna og nefndamanna í Kaupmannahöfn um næstu helgi þar sem fram fer undirbúningur á tillögum og efni til umræðu á næsta FEIF þingi í febrúar.

Fundi slitið kl. 20.42